

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Jes Zimsen f. h. h/f. P. J. Thorsteins-son & Co. greiði stefnda, Eggerti bónda Briem 25 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. júní 1915.

Nr. 17/1915.

Jóhann dómkirkjuprestur  
Þorkelsson  
gegn  
Oddi Gíslasyni  
f. h. Föns Örslevsveitar.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, Oddur yfirréttarmála-flutningsmaður Gíslason, að fengna gjafsóknarleyfi, sem skipaður málaflutningsmaður Föns-Öslevsveitar á Fjóni í Danmörku gegn áfrýjanda Jóhanni dómkirkjupresti Þorkelssyni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, dags. 1. sept. f. á., til greiðslu alt að 4000 kr. skadabótum út af því, að áfrýjandi hafði gift Rasmus nokkurn Jörgen Knudsen, framfærsluskyldan mann í Föns Örslevsveit, er þegið hafði þar

fátækra styrk bæði fyrir og eftir hjónavígsluna, en ekki haft samþykki nefndrar sveitar sinnar til giftingarinnar.

Málinu lauk fyrir bæjarþinginu með dómi 21. jan. þ. á. á þá leið, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda f. h. Föns-Örslevsveitar 972 kr. 57 aura með 5% vöxtum frá 6. ágúst f. á. Málskostnaður var feldur niður en stefnda gerð 25 kr. málfutningslaun af almannafé.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 25. febrúar þ. á., og krefst hann algerðrar sýknunar og málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir, að fenginni gjafsókn og gjafvörn, áfrýjað bæjarþingsdóminum af sinni hálfu með gagnstefnu, dags. 1. maí, og krefst hann aðallega þess, að sér verði dæmdar alt að 4000 kr. skaðabætur, en til vara, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og málskostnaðar eftir mati yfirdómsins.

Áfrýjandi gaf nefndan Rasmus J. Knudsen og Agötu nokkra Guðmundsdóttur saman 17. maí 1911, en haustið 1909 hafði R. J. Knudsen verið hjálpað um 45 kr. af fátækrafé Reykjavíkur, og hafði Föns og Örslevsveit, sem sannað er um að sé framfærslusveit hans, endurgoldið bæjarsjóði Reykjavíkur þá upphæð snemma á árinu 1910. Þau Rasmus J. Knudsen og Agata Guðmundsdóttir höfðu, að því er áfrýjandi hefir skýrt frá, eignast 2 börn, áður en þau gengu í hjónabandið, annað 9. marz 1908 og hitt 20. júlí 1909, og þriðja barnið af völdum R. J. Knudsens hafði Agata gengið með, er

þau áttust, enda fæddist þeim barn 7. okt. 1911. Fjórða og síðasta barn þeirra hjóna fæddist 16. marz 1913. Það er enginn ágreiningur um það, að ekki hafi verið leitað samþykkis Föns og Örslevsveitar til hjónabands þeirra R. J. Knudsens og Agötu Guðmundsdóttur. Stefndi hefir haldið því fram ómót-mælt, að áfrýjandi hafi jafnvel ekkert gert til þess að grenslast eftir því, hvort þau R. J. Knudsen og Agata Guðmundsdóttir hefðu þegið sveitarstyrk, ekki einu sinni spurzt fyrir um það hjá fátækranefndinni í Reykjavík, þar sem ætla má, að þau hafi dvalið nokkur ár og jafnvel búið saman, hvort þau hefðu þegið hér í bæ, og hefir stefndi því til sönnunar lagt fram bréf frá borgarstjóra Reykjavíkur dags. 16. júní 1913. Árið 1912 hafði R. J. Knudsen enn verið hjálpað af fátækraþjóði Reykjavíkur um 102 kr., 1913 um 577 kr. 57 aura og 1914 fram að 16. júlí um 293 kr. eða alls eftir hjónavíxluna um 972 kr. 57 aura, og er það upphæð sú, sem áfrýjanda er gert að greiða stefnda með bæjarþingsdómnum.

Af því sem hér er sagt þykir ljóst, að áfrýjandi hafi ekki gætt skyldu sinnar samkv. 10. lið 3. gr. tilsk. 30. apríl 1824 sbr. konungsbréf 7. des. 1827 og 62. gr. fátækralaganna 10. nóvbr. 1905. Og nú með því að svo var ástatt um hagi þeirra R. J. Knudsens og Agötu Guðmundsdóttur, að sérstök hvöt virðist hafa verið til þess að kynna sér, hvort þau stæðu í óbættri sveitarskuld, en ekkert virðist hafa verið gert í því efni, þá verður ekki komist hjá því, að dæma áfrýjanda til að bæta stefnda fyrir hönd Föns

og Örslevsveitar tjón það, sem sveitin hefir beðið af svo gallaðri hjónavixlu.

Að því er snertir upphæð skaðabótanna, þá hefir stefndi haldið því fram, að dæma beri áfrýjanda til að borga 3027 kr. 43 aura í viðbót við ofan nefndar 972 kr. 57 aura og skírskotað kröfu sinni til stuðnings til lögjöfnunar frá 8. gr. ofan nefndra fátækralaga, en sú viðaukakrafa á ekki við rök að styðjast, þegar af þeirri ástæðu, að svo mikill skaði er ekki sannaður af verki áfrýjanda enda slík lögjöfnun óheimil.

Og er þá að líta á það, hvern skaða Föns-Örslevsveit hefir beðið af hjónavígslu áfrýjanda. Eins og þegar er tekið fram, má telja sannað, að R. J. Knudsen hafi verið hjálpað af fátækrafé Reykjavíkur eftir að þau Agata áttust og fram til 16. júlí f. á. um alls 972 kr. 57 aura. Af upphæð þessari hefir Föns-Örslevsveit verið skylduð til að endurgreiða bæjarsjóði Reykjavíkur 450 kr. 75 aura með úrskurði innanríkisráðherra Dana gengnum 12. des. 1913, að tilhlutun Stjórnarráðs Íslands í bréfi dags. 6. sept. s. á., sbr. bréf stiftamtmannsins á Fjóni, dags. 17. des. 1913. Og þó að Föns-Örslevsveit kunní eigi enn að hafa staðið Reykjavíkurbæ skil á nefndri upphæð, svo sem haldið hefir verið fram af hendi áfrýjanda, þá kemst áfrýjandi eigi fyrir þá sök hjá að bæta stefnda hana. Hvað snertir afganginn 521 kr. 82 aura, þá lýsa málsskjölin því ekki að Föns-Örslevsveit hafi verið krafín um endurgreiðslu á honum og því síður hinu, að nefndri sveit hafi verið gert að greiða Reykjavíkurbæ hann. Og nú þó að skilja

megi ofangreint bréf stiftamtmannsins á Fjóni, sem auðsjáanlega er ófullkomið eins og það birtist í dómargerðunum, svo sem Föns-Örslevsveit sé skylduð til þess að endurgreiða Reykjavíkurbæ eigi að eins þá áfallinn framfærslustyrk R. J. Knudsens heldur og framvegis áfallandi styrk honum til handa, þá væri þó eigi með því skorið úr lögmati hvers viðbótarstyrks, heldur heyrir úrgreiðsla ágreinings um það efni samkv. 76. gr. fátækralaganna undir ráðherra Íslands og innanríkisráðherra Dana, en meira tjón en stefndi biður í raun og veru verður áfrýjandi ekki dæmdur til að bæta. Verður því að sitja við það í þessu máli að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 450 kr. 75 aura, en þá upphæð verður áfrýjandi að greiða án afdráttar með því að eigi þykir fært að taka til greina þá vara-varnarástæðu hans, að honum beri, auk fulls meðlags með barni því er R. J. Knudsen gat við konu sinni í hjónabandi, að eins að greiða hálf meðlag með hverju hinna.

Um málskostnað í héraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður í yfirdómi falli niður. Skipuðum málsvara Föns- og Örslevsveitar, er flutt hefir málið forsvaranlega, greiðist 25 kr. málfærslulaun af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Jóhann Þorkelsson dómkirkjuprestur greiði stefnda, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni f. h. Föns-Örslevsveitar 450 kr.

75 auru með 5% ársvöxtum frá 6. ágúst 1914. Um málskostnað í héraði, skal bæjarþingsdómnum óraskað. Málskostnaður í yfirdómi falli niður. Yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni greiðist 25 kr. málflytninguþlaun af almannafé.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júlí 1915.

Nr. 27/1915.

Björn Líndal  
fyrir hönd  
Hólmgeirs Þorsteinssonar  
gegn  
Sigurjóni Friðjónssyni.

D ó m u r :

Með því að innsigli stefnuvottanna vantar undir vottorð um birtingu áfrýjunarstefnunnar fyrir stefnda Sigurjóni Friðjónssyni, sem hvorki mætti né lét mæta í yfirdóminum, er málið kom þar fyrir og var tekið undir dóm, verður, samkvæmt niðurlagi 20. gr. tilsk. 3. júní 1796 að frávísa stefnunni ex officio, og fellur málskostnaður þá niður, eftir því sem á stendur.

Því dæmist rétt vera:

Stefnunni í máli þessu vísað frá yfirdóminum.